



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

## Ársskýrsla 2008

Snemma á árinu var nafni stofnunarinnar breytt úr Ferðamálasætri Íslands, í Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF). Árið 2008 byrjaði af krafti með nýjum starfsmönnum og „fullskipuðu liði“ ef svo má að orði komast. Strax uppúr áramótum var fjöldi funda sérstaklega á Austurlandi til og með Höfn á Hornafirði en þar var verið að horfa til framtíðar verkefna við stefnumótun, auðlindaúttekt, kortlagningu og vörubrúun í þágu ferðaþjónustu, líkt og verið var að vinna í Þingeyjarsýslum á árinu. Þegar líða tók á árið fóru fram vinnufundir vegna stefnumótunar í Þingeyjarsýslum og nýir starfsmenn fóru að taka mjög virkan þátt í mótun verkefna til framtíðar. Nokkur þeirra fóru af stað en með haustinu urðu þær breytingar helstar að öll framtíðaráform og rekstur RMF komst í nokkuð uppnám. Brugðist var við því með því að horfa til alþjóðlegra verkefna og ljúka þeim verkefnum sem komið hafði verið af stað.

Stafsmenn á árinu 2008 voru:

Edward H. Huijbens, forstöðumaður  
Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur (hóf störf í apríl)  
John Hull, gestaprófessor  
Jón Gestur Helgason, verkefnastjóri  
Margrét Víkingsdóttir, sérfræðingur (hætti í mars)  
Martin Gren, sérfræðingur við Hóla  
Rannveig Ólafsdóttir, sérfræðingur við Háskóla Íslands

Á árinu var auglýst sameiginleg stað a með Háskólanum á Akureyri og bárust tvær umsóknir. Vegna breyttra aðstæðna á haustdögum var ákveðið að fresta ráðningu og báðum umsækjendum það tjáð með bréfi.

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár, haldnir 1. febrúar, 27. maí og 23. október

Í stjórn 2008 sátu:

Dr. Ingjaldur Hannibalsson (Háskóli Íslands), formaður stjórnar  
Dr. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólinn á Akureyri), varaformaður  
Fjóla Björk Jónsdóttir (Háskólinn á Akureyri)  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, (Háskóli Íslands)  
Áslaug Alfreðsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar)  
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (Hólaskóli)  
Elías Gíslason (Ferðamálastofa)

## ***Rannsóknarverkefni ársins***

### **Áætlanirnar þrjár**

Með samþykki stjórnar RMF gengu stjórnarformaður og forstöðumaður á fund með nýskipuðum ráðherra ferðamála og hans aðstoðarmanns þann 20. febrúar 2008. Markmið fundarins var að kynna starfsemi RMF sem og fjárþörf rannsóknáætlana þriggja sem unnar höfðu verið í samráði við rannsakendur og hagsmunaaðila í ferðmálum. Áætlanirnar þrjár lúta að rannsóknum á hagrænum áhrifum ferðapjónustu, umhverfi og ferðamennsku og menningu og ferðapjónustu. Í hverri eru skilgreindar grunn rannsóknir og afleiddar rannsóknir sem og fjárþörf til að standa undir þeim með skilgreindu mótframlagi rannsakenda. Var fundinum fylgt eftir með fundi með nýskipuðum ferðamálastjóra sama dag.

Með vorinu 2008 var efni fundarins fylgt óformlega eftir gegnum síma og orðið við þeirri málaleitan ráðuneytis og ferðamálastjóra að sækja í markáætlun Rannís með ofangreindar áætlanir. Ekki fékkst styrkur þaðan. Þann 28. júlí 2008 var erindi fundarins 20. febrúar fylgt formlega eftir með bréfi til ráðherra sem ekki var svarað. Fram á haust var málinu áfram haldið vakandi með óformlegum hætti þar til ráðherra lýsti yfir stofnun Rannsóknaseturs í ferðmálum 20. nóvember 2008, án þess að formlega hefði verið rætt við RMF né nokkuð samráð haft. Var áætlanagerðin þar getið og gerður góður rómur að.

### **Nýsköpun í íslenskri ferðapjónustu – NICE verkefnið**

Með útgáfu skýrslu til norræna nýsköpunarsjóðsins 31. janúar 2008, voru drög lögð að frekari verkefnum. RMF var aðili að fimm umsóknum af 107 sem komu í kjölfar auglýsingar sem byggði á niðurstöðum skýrslunnar. Tvær af þeim umsóknum hlutu styrk og hefst vinna við þau verkefni á árinu 2009. Þar er annarsvegar um að ræða verkefni um heilsutengda ferðapjónustu á Norðurlöndum og hinsvegar Sagnaslóðir – sögur sem hluta af ferðalögum.

### **Norrænt samstarfsverkefni um skotveiðitengda ferðapjónustu – North hunt verkefnið**

RMF er þátttakandi í samnorrænu verkefni um sjálfbæra uppbyggingu skotveiðitengdrar ferðapjónustu á Íslandi og jaðarsvæðum Norðurlanda. Er um að ræða rannsóknir í því skyni að efla samstarf frumkvöðla, sveitarfélaga og hins opinbera, ásamt Umhverfistofnun og háskólum í markaðssetningu og gerð ferðapjónustu í kringum skotveiðar. NPP mun styrkja verkefnið til þriggja ára, 2008-2010.

### **Polmörk ferðamannastaða**

Þetta rannsóknarverkefni hefur verið í gangi frá 2000 en þá var gerð úttekt á þremur stöðum á Íslandi, Skaftafelli, Landmannalaugum og Lónsöræfum sem voru gefnar út og RMF verið þátttakandi í. Markmiðið var að átta sig á hvers eðlis þessir ferðamannastaðir eru og þannig hvernig ferðamennsku þeir ættu að geta borið m.t.t. umhverfislegra, félagslegra, menningarlegra og þjónustulegra þátta. Nú standa fyrir dyrum frekari rannsóknir á nýjum svæðum sem og endurskoðun hinna þriggja sem þegar höfðu verið tekin út. Þegar hefur Rannveig Ólafsdóttir ásamt samstarfsaðilum við háskóla Íslands gefið út skýrslu um Lakasvæði, byggt á rannsóknum frá 2007 og nú er fyrir dyrum umsókn um öndvegisstyrk tækniþróunarsjóðs Rannís um heildar úttekt og mat á hálendi Íslands. Umsókn fer inn 2. mars 2009.

## **Aðkoma að umsóknum um uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu**

Rannsóknamiðstöðin er aðili að fjölda umsókna og kemur að umsögnum um uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu á Íslandi. Hefur miðstöðin ákveðna rannsóknarhagsmuni af því að koma að slíku en þeir eru:

- Að greina stoð og nýsköpunarkerfi sem virkjuð eru þegar byggja á nýtt aðráttarafl ea endurskilgreina eitthvað sem fyrir er.
- Að greina hlutverk einstaklinga í nýsköpun og vöruþróun og hvernig þeir mynda tengsl í samskiptum og á ólíkum samskiptavettvangi.
- Mynda brýr milli vöruþróunar og rannsókna í héraði og skilja hvernig rannsóknir á menningu og menningararfleið geta stutt við og eflt byggðaðróun.
- Að greina hvata frumkvöðla við uppbygginu menningarlegs aðráttarafls.
- Að koma í umferð rannsóknum og greiningu á til að mynda bestu aðferðum við uppbyggingu, vöruþróun og markaðssetningu með sérstakri áherslu á jaðar- og pólsvæði.

## **Uppbygging MTA náms**

Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Hólum standa sameiginlega að framhaldsnámi í ferðamálafræði, titlað MTA (e. *Master of Tourism Administration*). Námið er samræmt af Rannsóknarmiðstöð ferðamála sem sér einnig um umsýslu námsins gegnum Háskólann á Akureyri. Nemendur eru skráðir við Háskólann á Akureyri, en útskrifast að tveimur árum liðnum með prófgráðu frá skólunum þremur.

Forsendur námsins er samstarf skólanna þriggja um rannsóknir í ferðamálafræðum í samvinnu við Ferðamálastofu og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF). Allir hafa þessir aðilar sameiginlega hagsmuni af því að efla rannsóknir og menntun í ferðaþjónustu og auka þekkingu í greinum tengdum ferðamálum. Tengsl milli þessara ólíku aðila gefa færi á að samnýta aðstöðu og færni hvers annars og um leið styrkja samband háskólastarfs og atvinnulífs. Rannsóknamiðstöð ferðamála gegnir hlutverki tengiliðs í þessu samstarfi og stuðlar að eflingu samskipta við lykilaðila í greininni.

Með örum vexti ferðaþjónustu hér á landi og vaxandi fjölda ferðamanna verður stöðugt mikilvægara að skilja eðli og gerð þess margbrotna atvinnuvegar sem ferðaþjónustan er. Til þess að svo megi verða en nauðsynlegt að renna styrkum stoðum undir stjórnun og rannsóknir í greininni og er meistaranám í stjórnun ferðamála liður í því.

Námið nýtist sérstaklega:

- Fólki sem starfar við stjórnun og rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu
- Fólki sem vinnur í opinberum stofnunum sem tengjast ferðamálum
- Fólki sem starfar við ráðgjöf og stefnumótun á sviði ferðamála
- Þeim sem búa að reynslu úr öðrum atvinnugreinum en vilja skipta um starfsvettvang og kynnast ferðamálum

Námið stendur á nokkrum krossgötum við lok árs, er mikill áhuga hjá HA til að hefja kennslu strax haustið 2009 en til þess þarf fé. Að auki er ekki ljóst með breytingum hver aðkoma

skólanna verður á endanum. Háskóla og gæðaráð HA hafa fyrir sitt leyti samþykkt handbók námsins. Kennslumiðstöð HÍ hefur rýnt handbókina og Hólar hafa samþykkt fyrir sitt leyti.

### **Verkefni fyrir Landsvirkjun**

Verkefnin eru þrjú á árinu. Eitt var klárað í byrjun árs og snéri að mati á áhrifum Þeistareykjavirkjunar og tengdra línulagna á ferðaþjónustu og útivist á svæðinu. Tvö önnur voru unnin á haustdögum og er annað enn í vinnslu. Annarsvegar var um að ræða mat á áhrifum fyrirhugaðrar stækkunar Kröflu virkjunar, á ferðaþjónustu og útivist á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Hinsvegar var um sambærilega rannsókn að ræða vegna lagningar Blöndulínu. Skýrslur koma út á árinu 2009.

### **Ímyndir Íslands og Norðursins**

Markmið rannsóknarverkefnisins Ísland og ímyndir norðursins er að varpa ljósi á Ísland sem mikilvægan hluta af norðurslóðum, fjölbreyttar ímyndir Íslands í norðrinu, hlutverk slíkra ímynda í nútímanum og rætur þeirra. Verkefnið er þverfaglegt samstarfsverkefni með þátttöku íslenskra og erlendra fræðimanna í hug- og félagsvísindum.

Í verkefninu verða rannsakaðar nokkrar birtingarmyndir nútíma sjálfsmynda og ímynda Íslands og Íslendinga sem hluta norðursins, hvernig þær hafa sprottið fram og breyst í tímans rás og hvert þær stefna. Ennfremur mun rannsóknin beinast að lykilatriðum í uppruna og þróun íslenskra ímynda norðursins. Sjónum verður beint að fjórum sviðum: Stöðu Íslands í alþjóðlegu og norrænu samhengi, norðlægrri menningu og samfélagi, tengslum manns og náttúru í norðrinu og loks norðrinu í íslenskum ferðamannaiðnaði.

RMF leggur til þessa verkefnis rannsókn á þróun ímynda Íslands sem alþjóðlegs áfangastaðar, sérstaklega með tilliti til þeirrar vinnu sem nú fer fram um ímyndasköpun á vegum forsætisráðuneytis og snýst um vörumerkjavæðingu landsins. Grein verður skilað í apríl 2009 en RMF hefur haldið og skipulagt fundi í kringum verkefnið.

### **Mat á áhrifum svæðisbundinnar markaðssetningar**

RMF leiðir verkefni sem stofnað var til að frumkvæði Markaðsskrifstofu Vestfjarða um að meta áhrif af svæðisbundinni markaðssetningu. Rannsóknin er styrkt sérstaklega af Ferðamálastofu og var mikil vinna í viðtölum sem tekin voru um allt land og úrvinnsla þeirra á fyrri hluta árs. Með haustinu var gefin út skýrsla og eru næstu skref ekki ákveðin.

### **Stjórnunarhættir í ferðaþjónustu - framhald áformað**

Gerð hefur verið könnun á stjórnunarháttum hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum. Helgi Gestsson, lektor við viðskipta og raunvísindadeild, Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við sömu deild Háskólans á Akureyri og Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, stóðu að framkvæmd könnunarinnar sem unnin var í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og unnið úr á vegum HRM ráðgjafar. Sú skýrsla kom út í mars 2007 og er framhald áformað til að fylgja eftir niðurstöðum þeirrar könnunar og fá samanburð.

### **Verkefni Akureyrarstofu**

Nýr starfsmaður tók við af Margéti Víkingsdóttur á árinu og var ætlunin að vinna áfram að viðgangi ferðamálaþrasa á Eyjafjarðarsvæðinu, sem fengið hafði framlög úr Vaxtarsamning Eyjafjarðar til áramóta. Ekki gekk það eftir og því farið að horfa meira til Akureyrarstofu og lagt var upp með verkefni að kanna ferðavenjur Íslendinga yfir vetrartímamann með áherslu á Norðurland.

RMF hýsir og hefur umsjón með rannsókninni, heldur utan um upplýsingar og útgefið efni í samvinnu við Akureyrarstofu, Vetrariþróttamiðstöð Íslands og Markaðsskrifstofu Ferðamála á Norðurlandi og hefur umsjón með bókhaldi og fjárreiðum rannsóknarinnar.

Þessi rannsókn var vel heppnuð og er liður í stærri áætlun RMF um rannsóknir á ferðahegðun Íslendinga og væri næsta skref að kanna ferðavenjur að sumri. Vinnan verður unnin í samráði við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu á svæðinu með það að markmiði að fá fram sjónarmið sem flestra svo að hægt verði að vinna með niðurstöðurnar í þágu ferðaþjónustu á svæðinu. Þessar niðurstöður og aðferðir sem þróaðar verða munu verða heimfærðar á önnur svæði á landinu.

### **Úttekt á ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum og mótun framtíðarsýnar**

Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, með John Hull gestaprófessor RMF. Verkefnið snýst um að taka út þá starfsemi sem er í sýslunum og leggja mat á framtíðarsýn þeirra sem í ferðaþjónustu starfa. Með stöðumati, mati og úttekt á innviðum, tækifærum og ógnunum var mótuð framtíðarsýn fyrir svæðið.

RMF tekur þátt í og leiðir að hluta þessa rannsókn en vinnu við hana lauk í lok árs 2008. Mun sú aðferðafræði sem þróuð var í kringum þetta verkefni vera notuð á önnur svæði á landinu og eru samninga umleitanir þegar í gangi við Austurland. Auk þess hefur Byggðastofnun óskað eftir því að verkefnið verði hluti af nýrri Byggðaáætlun.

### **Verkefni Vaxtarsamnings**

Á árinu var reynt að leggja fram skipulag að framhaldi á starfi ferðaþjónustu klasa Vaxtarsamning Eyjafjarðar til þriggja ára. Ekki reyndist áhugi fyrir því enda sjóðurinn orðin að styrktarsjóð einstakra verkefna og hefur horfið frá hugmyndum klasasamstarfs. Tókst að ná einum verkefnastyrk sem snéri að gerð ferðaþjónustubæklings fyrir Eyjafjarðar svæðið og þeirri vinnu lokið.

### **Þróunarverkefni um akademíska ferðaþjónustu að Svartáarkoti í Bárðardal**

Setrið er þátttakandi í uppbyggingu ferðaþjónustu að Svartáarkoti í Bárðardal. Er um nokkuð viðamikilið og sérstakt verkefni að ræða þar sem til stendur að byggja gisti og kennsluástöðu við jaðar Ódáðahrauns þar sem markhópurinn er nemendur og fræðimenn. Markmiðið er að koma á framfæri einstakri náttúru, menningu og sögu svæðisins og þannig reyna að laða að rannsakendur og nema allsstaðar að úr heiminum. Spurningin er hvernig ferðaþjónusta er þetta, hvernig er hægt að útbúa námskeið og námsefni á svæði sem þessu og hvað þarf að koma til.

Þrjú námskeið voru haldin sumarið 2008, og stóð RMF fyrir því að fá hópana til landsins. Er það grunnur að því að í framtíð geti RMF miðlað hópum háskólanema til háskólasetra um landið með fulltingi markaðsstofa á hverju svæði fyrir sig.

Byggt á þessu hefur komið upp hugmynd að bréfi til háskóla landsins og markaðsstofa en árlega berast kennurum við háskóla þessa lands fjöldi beiðna um aðstoð við skipulagningu á nemendaferðum til Íslands. Er um mislangar ferðir að ræða með afar mismunandi áherslum allt eftir fræðasviði viðkomandi hóps. Þannig getur verið um hóp jarðfræðinema að ræða eða hóp bókmenntafræðinema og allt þar á milli, allir hafa þeir þó sameiginlegt að vilja sækja landið heim.

Gæti RMF aðstoðað við að skipuleggja þessar ferðir, þannig að kennarar geti einfaldlega miðlað þínum hóp til Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RMF). RMF mun svo í samvinnu við ferðaþjónustuaðila og markaðsstofur á þeim svæðum sem til stendur að sækja heim, annast skipulag og útfærslu dagskrár. Fræðilegt inntak ferðarinnar væri svo unnið í samvinnu og samráði við þig.

RMF mundi á þessum grunni kanna áhuga Markaðsstofa á því að setja upp grunn dagskrá á sínu starfssvæði í samvinnu við ferðaþjónustuaðila þar og háskólastofnannir. Þannig er hugmyndin að ef hópur sýnir því áhuga að sækja svæðið heim geti Rannsóknamiðstöð ferðamála miðlað þeim hópi til svæða og inn í þá grunn dagskrá sem þú hefur skipulagt. Rými verður að vera fyrir nemendavinnu í dagskránni, sem og fyrir fyrirlestra og aðstaða fyrir nemendavinnu og fyrirlestrarhald.

## *Útgefið efni*

Edward H. Huijbens og Karl Benediktsson 2008: Geared for the Sublime. Í Images of the North Conference Proceedings. Amsterdam: Rodopi (bls.115-129).

Edward H. Huijbens 2008: Destination weaving. The rhythms of Goðafoss as a tourist attraction. Í G. Backhaus, V.A. Heikkinen, E. Huijbens, M. Itkonen, P. Majkut and J. Varmola (Ritstj.) The Illuminating Traveller. Expressions of the Ineffability of the Sublime. Jyväskylä: Háskólinn í Jyväskylä, Rannsóknamiðstöð ferðamála og háskólinn í Lapplandi (bls. 147-176).

Itkonen, M., Majkut, P., Backhaus, G., Heikkinen, V.A., Huijbens, E.H., Inkinen, S. og Valkola, J. 2008: The Illuminating Traveler – Expressions of the ineffability of the sublime. Jyväskylä: Háskólinn í Jyväskylä, Rannsóknamiðstöð ferðamála og háskólinn í Lapplandi.

Martin Gren og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir 2008: On images in tourism studies & of Iceland as a tourist destination. Í Rannsóknir í Félagsvísindum IX. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands (bls. 427-438).

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2008: Uppbygging ferðaþjónustu utan háaannar - árangur af átaksverkefninu „Komdu norður!“ Í Rannsóknir í Félagsvísindum IX. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands (bls. 115-126).

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2008: Ferðavenjur Íslendinga um Norðurland að vetri. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála (bls. 41).

Edward H: Huijbens 2008: Markaðssetning svæða á Íslandi - Mikilvægi svæðisbundinna tengslaneta og samskipta þeirra í millum. Í Rannsóknir í Félagsvísindum IX. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands (bls. 63-75).

Rannveig Ólafsdóttir 2008: Íslensk víðerni: hrein ímynd eða ímyndun? Þróun aðferða við mat og kortlagningu ósnortinna víðerna í LUK. Í Rannsóknir í félagsvísindum IX. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (bls. 469-481).

Edward H. Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir 2008: Svæðisbundin markaðssetning: úttekt á aðferðum og leiðum. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála og Hólaskóli - Háskólinn á Hólum (bls. 72).

Rannveig Ólafsdóttir og Michael Runnström 2008: Sustainable tourism planning – A GIS based approach. Í Proceedings of the International conference InterCarto-InterGIS 14th, Sustainable development of territories: GIS theory and practice. Saratov (Russia) and Urumqi (China) 3, bls. 34-43.

Hrefna Kristmannsdóttir 2008: Jarðhitaauðlindir - tækifæri til atvinnusköpunar og byggðaeftlingar á Norðausturlandi með heilsutengdri ferðaþjónustu. Akureyri: Ferðamálaasetur Íslands og Háskólinn á Akureyri (bls. 52).

Rannveig Ólafsdóttir og Kristín Rut Kristjánsdóttir 2008: Áhrif uppistöðulóns og virkjunar við Hagavatn á ferðamennsku og útivist. Akureyri: Ferðamálaasetur Íslands (bls. 47).

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson 2008: Ferðamennska við Laka. Höfn í Hornafirði: Háskólasetrið í Hornafirði (bls. 77).

Edward H. Huijbens 2008: Áhrif fyrirhugaðrar virkjunar á Þeistareykjum og háspennulína frá Kröflu að Bakka við Húsavík á ferðapjónustu og útivist. Akureyri: Ferðamálaásetur Íslands (bls. 73).

Hjalager, A-M., Huijbens, E.H., Flagestad, A., Björk, P., Nordin, S. 2008: Innovation Systems in Nordic Tourism. Oslo: Nordisk Innovations Centre (bls. 73).



## ***Yfirlit ársins***

Að neðan er listi yfir þær ráðstefnur, málþing, vinnufundi og verkefni sem Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur verið beinn aðili að. Starfsmenn mættu á 10 alþjóðlega fræðaráðstefnur víða um heim á árinu, auk þess að taka þátt í fjölda málfunda og fyrirlestra á vettvangi sveitarfélaga, ríkis og annarra aðila.

### **Janúar:**

8. Þátttaka í starfi dómnefndar um verkefni í ferðamálum á vegum Norræna Nýsköpunarsjóðsins – fundur í Oslo
18. Málþing um Bygðarannsóknir við Háskólann á Akureyri

Unnið að lokafrágang skýrslu um Þeistareyki, Nordhunt verkefni, unnið að skipulagi rannsóknar á svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum í svæðisbundinni markaðssetningu, uppbygging menntatengdrar ferðaþjónustu í Svartárkoti, unnið að umsókn í nýjan Vaxtarsamning Eyjafjarðar, unnið í uppfærslu heimasvæðis og greina og bókaskrifum.

### **Febrúar:**

1. Aðalfundur RMF
6. Erindi á Grundarfirði vegna stefnumótunar ferðaþjónustu hjá Grundarfjarðarbæ
15. Skipulag á og þátttaka í *Balticness* í samvinnu við Lettneska sendiráðið – Norræna húsið
20. Fundur með nýjum ráðherra ferðamála – kynning á starfsemi
- 21-22. Vinnufundir á Húsavík vegna stefnumótunar ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum
- 25-26. Ráðstefna á Höfn í Hornafirði - þátttaka í málstofum
- 26-27. Vinnufundir á Borgarfirði Eystri um sjálfbæra ferðamennsku
29. Ráðstefna í Reykjavík *Journeys of Expression*

Unnið að lokafrágang skýrslu um heilsutengdra ferðaþjónustu, Nordhunt verkefni, unnið að rannsókn á svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum í svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að umsókn í nýjan Vaxtarsamning Eyjafjarðar og greina og bókaskrifum.

### **Mars:**

1. Ráðstefna í Reykjavík *Journeys of Expression*
- 7-8. Fundur á Akureyri í Öndvegis verkefni Rannís – *Ísland og ímyndir Norðursins*
12. Sameiginlegur fundur fulltrúa RMF, Impru, Ferðamálastofu og Byggðastofnunar um eflingu rannsókna í ferðamálum
- 14-15. Raunvísindaðing í Háskóla Íslands
- 20-24. Páskafri
28. Ráðstefna um þjóðfélagsfræði að Háskólanum á Hólum

Unnið að uppbyggingu MTA náms, unnið að lokafrágang ráðstefnudisks frá 14. Samnorrænu ráðstefnu um rannsóknir í ferðamálum, Nordhunt verkefni, unnið að rannsókn á svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum

í svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að umsókn í nýjan Vaxtarsamning Eyjafjarðar og greina og bókaskrifum.

#### **Apríl:**

2. Hagvöxtur á heimaslóð – kennsla á Selfossi
3. Aðalfundur SAF – afhending lokaverkefnisverðlauna RMF
10. Ráðstefna um sögutengda ferðaþjónustu í Reykjavík
17. Landupplýsingar á Norðurlandi – ráðstefna LÍSU samtakana
17. Votlendis ráðstefna á Hvanneyri í Borgarfirði á vegum LBHÍ
29. Kynning á aðalfundi Akureyrar Akademíu um menntatengda ferðaþjónustu
30. Fundur MFN á Hótel KEA

Unnið að uppbyggingu MTA náms, auglýst eftir stöðu sérfræðings, unnið að lokafrágang Hagavatns skýrslu, unnið að umsókn í Markáætlun Rannís, Nordhunt verkefni, unnið að rannsókn á svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum í svæðisbundinni markaðssetningu og greina og bókaskrifum.

#### **Mái:**

- 5-6. Vinnufundir á Húsavík og Mývatni um náttúrtengda ferðaþjónustu
13. Fundur með Richard Sharpley við HÍ
15. Fundur á Byggðastofnun um stefnumótun ferðaþjónustu á landsvísu
15. Lokaverkefni nema kynnt að Hólum
21. Aðalfundur At-thing, stefnumótunarvinna kynnt
27. Vorfundur stjórnar RMF á Húsavík – hvalaskoðun og heimsóknir í fyrirtæki
- 29-30. Vinnufundir vegna stefnumótunar á Grenivík, Húsavík, Narfastöðum og Mývatni

Unnið að uppbyggingu MTA náms, nýr sérfræðingur hefur störf, Nordhunt verkefni, unnið að skýrslu á svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum í svæðisbundinni markaðssetningu og greina og bókaskrifum.

#### **Júní:**

- 5-6. Vinnufundir vegna stefnumótunar á Gljúfrastofu, Raufarhöfn, Þórshöfn
10. Erindi á Svartáarkot – menning/náttúra í Bárðardal
- 18-20. Þátttaka í starfi dómnefndar um verkefni í ferðamálum á vegum Norræna Nýsköpunarsjóðsins – fundur í Oslo
- 29-1. Inter Carto – Inter GIS í Urumqi, Kína – erindi frá RMF

Unnið að uppbyggingu MTA náms, Nordhunt verkefni, unnið að skýrslu á svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum í svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að verkefnum tengdum vaxtarsamning Eyjafjarðar. Unnið að áætlanagerð, ímyndum norðursins, unnið að Svartáarkoti, Akureyrarstofu verkefni og greina og bókaskrifum.

#### **Júlí:**

Skrif á greinum fyrir *Tourism in Marine Environments* og *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism* og sumarfrí starfsmanna

### **Ágúst:**

Skrif á greinum fyrir *Tourism Management* og *Environment and Planning D: Society and Space* og sumarfrí starfsmanna

26-29. RGS/IBG í London – ein málastofa á vegum RMF

Unnið að uppbyggingu MTA náms, Nordhunt verkefni, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum í svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að verkefnum tengdum vaxtarsamning Eyjafjarðar. Unnið að áætlanagerð, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarstofu verkefni og greina og bókaskrifum.

### **September:**

- 1-5. PECSRL ráðstefna í Lissabon – erindi frá RMF
- 9. Fundur með Útflutningsráði vegna stefnumótunar ferðapjónustu á landsvísu
- 13. Kynning fyrir gesti frá háskólanum í Heidelberg
- 16-17. VestNorden Travel Mart
- 25-27. 17. samnorræna ráðstefnan um ferðamálafræði, Lillehammer – RMF með 2 erindi auk þess að stýra málstofum.

Unnið að uppbyggingu MTA náms, Nordhunt verkefni, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum í svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að verkefnum tengdum vaxtarsamning Eyjafjarðar. Unnið að áætlanagerð, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarstofu verkefni og greina og bókaskrifum.

### **Október:**

- 9-11. Vinnufundur og ráðstefna um landslag á Hólmavík
- 12. Þátttaka í hugmyndavinnu HR
- 12. Heimsókn Ungverja frá landbúnaðarháskólanum í Seged á RMF
- 16. Uppskeruhátíð MFN
- 15-17. 20. Norræna GIS ráðstefnan – Fredrikstad í Noregi
- 23. Stjórnarfundur RMF
- 23. Haustfundur rannsakenda í ferðamálafræðum
- 24. Þjóðarspegill – ráðstefna um þjóðfélagsmál, tvær málsstofur

Unnið að uppbyggingu MTA náms, Nordhunt verkefni, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum í svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að verkefnum tengdum vaxtarsamning Eyjafjarðar. Unnið að áætlanagerð, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarstofu verkefni og greina og bókaskrifum.

### **Nóvember:**

- 3. Vinnufundur vegna MTA náms
- 6. Afmælisráðstefna SAF
- 7. Ráðstefna um nýsköpun og atvinnuuppbygginu á Höfn

17. Norræn ráðstefna um menningararfleið í Oslo – 1 erindi
26. Uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu á Húsavík
27. Kynning á stefnumótun fyrir ferðaþjónustu á landsvísu fyrir atvinnuþróunarfélög
28. Unnið að Byggðaáætlun með Byggðastofnun

Unnið að markaðssetningu MTA náms, Nordhunt verkefni, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum í svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að verkefnum tengdum vaxtarsamning Eyjafjarðar. Unnið að áætlanagerð, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarstofu verkefni og greina og bókaskrifum.

**Desember:**

2. Fundur með stjórn Vatnajökuls þjóðgarðs og hagsmunaaðilum á Austurlandi um stefnumótun ferðaþjónustu á landsvísu
9. Hagvöxtur á heimaslóð – kennsla í Mývatnssveit
10. Hagvöxtur á heimaslóð – kennsla á Borgarnesi

Unnið að markaðssetningu MTA náms, Nordhunt verkefni, unnið að NPP verkefni um eflingu flugvalla á jaðarsvæðum í svæðisbundinni markaðssetningu, unnið að verkefnum tengdum vaxtarsamning Eyjafjarðar. Unnið að áætlanagerð, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarstofu verkefni og greina og bókaskrifum.